

Reykjavík 19. nóvember 2009



## FRÉTTA TILKYNNING

# Vetrarþjónustan 2009 og 2010

**Nánast óbreyttar reglur 2009 en nýjar reglur 2010,  
þrátt fyrir aukinn sparnað og hagræðingu þarf að draga úr þjónustu**

- **Svipuð þjónusta og árið 2006**
- **Áhersla á að tryggja umferðaröryggi**
- **Þjónustudögum fækkað á fáförnustu leiðunum**
- **Þjónustutími stytur á lægri þjónustuflokkum, mest um helgar**
- **200 milljóna króna sparnaður**

Vegagerðin hefur á undanförunum árum þróað tækni og tækjabúnað sem gerir henni nú kleift að ná fram betra skipulagi og markvissari stjórnun við vetrarþjónustuna. Þetta þýðir að aðföng notuð í vetrarþjónustunni má nýta betur og minnka kostnað þannig.

Stefnt er að því að 200 milljónir króna sparist með nýju reglunum eða um 10 prósent af heildarkostnaði við vetrarþjónustuna í krónutölu, einsog ætlast er til samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Ef mið er tekið af verðlagsbreytingum er sparnaðurinn töluvert meiri í prósentum.

Þetta þýðir að þrátt fyrir niðurskurð á árinu 2009 næst að halda óbreyttri vetrarþjónustu út árið 2009. Til viðbótar hefur svokallaðri G-reglu verið breytt lítillega þannig að mögulegt verði að moka snjó einu sinni í viku til 5. janúar, ár hvert, leyfi aðstæður það og ekki eru aðrar samgönguleiðir að ræða. Þetta tekur gildi strax.

**Nýjar snjómokstursreglur 2010** hafa verið samþykktar af samgönguráðherra. Samkvæmt þeim verður vetrarþjónustan að mestu leyti sú sama og hún var árið 2006.

Breytingarnar á reglunum miða að því að tryggja umferðaröryggi svo sem kostur er.

Samráð var haft við hagsmunaaðila um þessar breytingar, til dæmis flutningsaðila, sem komu með góðar hugmyndir um að mæta niðurskurðinum þannig að sem minnst áhrif yrðu á atvinnulífið í landinu.

Reykjavík 19. nóvember 2009



Þjónustudögum verður fækkað á einstökum leiðum. Á fáfarnari langleiðum úr sjö dögum í sex en reynslan sýnir að umferð er í lágmarki á laugardögum. Á nokkrum öðrum leiðum þar sem þjónustudagar hafa verið færri en sjö verða þeir ýmist fimm (Hluti Borgarfjarðarvegur og hluti Kísilvegur) eða tveir (Skógarströnd, Laxárdalur að heiðinni, hluti Kísilvegur, Skriðdalur og Breiðdalur og milli Hallormsstaðar og Fljótsdalsvirkjunar).

Þjónusta á tveimur umferðarminnstu fjallvegum þar sem val er um aðrar leiðir verður felld undir G-reglu (Laxárdalsheiði og Breiðdalsheiði). Samkvæmt G-reglu er mokað tvisvar í viku, haust og vor, á meðan snjólétt er en ekki mokað frá 1. nóv. til 20. mars.

Þjónustutíminn verður stytur um hálf klukkustund að kvöldi í þjónustuflokki 2, um eina og hálf klukkustund í þjónustuflokki 3 og um tvær klukkustundir í þjónustuflokki 4. Um helgar styttest þessi tími tvöfalt meira og verður 2 – 4 klukkustundir. Til að koma til móts við vöruflutningaaðila á langleiðum sem eru seint á ferðinni verður heimilt að bæta kvöldþjónustuna þegar þörf reynist á Steingrímsfjarðarheiði og um Hvalnes- og Þvottárskriður.


Vegfarendur eru hvattir til að kynna sér þessar breytingar sem best og með góðum fyrirvara. Vegagerðin mun kynna þær svo sem kostur er með aðstoð fjölmiðla og á heimasíðu Vegagerðarinnar. Upplýsingar um færð er einnig hægt að nálgast í síma 1777.

Dæmi um umferð á nokkrum fjallvegum, um er að ræða vetrarumferð, bíla á dag:

Fróðárheiði	82 bílar á dag
Heydalsvegur	65 bílar á dag
Laxárdalsheiði	25 bílar á dag
Kísilvegur	65 bílar á dag
Breiðdalsheiði	20 bílar á dag
Pverárfjall	242 bílar á dag

**Frekari upplýsingar: G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar s. 522-1008/865-3163**  
og Björn Ólafsson forstöðumaður þjónustudeildar Vegagerðarinnar s. 522-1122/894-3629

**Meðfylgjandi er kort með þjónustureglunum og kort með þjónustuflokkunum.**





Reykjavík 19. nóvember 2009

